

**Nd.**

**596. Nefndarálit**

**[173. mál]**

um frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Efni frv. er eingöngu það að setja Skipaútgerð ríkisins þriggja manna stjórn. Skal ráðherra skipa alla stjórnina og einnig forstjórnann.

Þar sem skipum útgerðarinnar hefur fækkað, siglingar þeirra til útlanda fallið niður og þjónusta fyrirtækisins dregið saman, virðist lítil þörf á að setja þrjá nýja embættismenn við útgerðina.

Þætti hins vegar ráðlegt að setja þessu ríkisfyrirtæki sérstaka stjórn, væri ekki minni þörf á að setja stjórn yfir ýmis önnur ríkisfyrirtæki, t. d. póst- og síma- mál, raforkumál, vegamál, landssmiðju, áfengis- og tóbaksverzlun og innkaupastofn- un, svo að nokkur séu nefnd.

Engin sérstök nauðsyn virðist þó vera á slíkri fjölgun embættismanna og þá ekki heldur hjá Skipaútgerð ríkisins. Því síður virðist eðlilegt, að ráðherra skipi alla mennina í stjórnina og forstjórnann í ofanálag. Munu fá eða engin dæmi finnast um slíkt fyrirkomulag hjá öðrum stofnunum ríkisins.

Hér virðist þörf á, að Alþingi spyrni fótum við óþarfri fjölgun embættismanna.

Við undirritaðir, er skipum minni hl. samgöngumálanefndar, leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. apríl 1967.

Sigurvin Einarsson,  
frsm.

Ragnar Arnalds.

Björn Pálsson.